

Fundargerð ársfundar Rannsóknastofu í táknafræðum 15. júní 2021 kl. 10:00.

Ársfundurinn var haldinn Teams, fundarstjóri var Júlía G. Hreinsdóttir, alls mættu 11 aðilar á fundinn. Táknmálstúlkur á fundinum var Árný Guðmundsdóttir.

Fundarstjóri bauð gesti velkomna og fór yfir tæknileg atriði þar sem fundurinn var fjarfundur. Áður en gengið var til dagskrár fór hann yfir ástæður þess að ekki var haldinn ársfundur árið 2020 og ástæður breytinga á stjórnarmönnum fyrir ári.

1. **Skýrsla stjórnar:** Rannveig kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni rannsóknastofunnar á árinu 2020. Engar spurningar eða athugasemdir voru við skýrsluna.
2. **Kynning á verkefnum rannsóknastofunnar:** Nedelina sagði frá vinnu tveggja nemenda í áframhaldandi verkefni um vasatáknafræðabækur á styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og Rannveig frá vinnu nemanda um skráningu handforma á styrk frá Vinnumálastofnun og HÍ. Ánægja er með að geta veitt nemendum vinnu yfir sumartímann.
3. **Umræður um höfunda/meðhöfunda að greinum:** Nedelina segir frá fyrirspurn sem barst fyrir rúmu ári síðan um það hverjir eru/ættu að vera meðhöfundar að greinum sem skrifaðar eru um ÍTM. Stjórnin hefur rætt þetta og safnað saman upplýsingum héraðs og erlendis um hver venjan er í þessu málum. Nedelina kynnti málið og þær spurningar sem þarf að velja fyrir sér, sérstaklega þá hvort sá sem umriti gögn eða hjálpi til með dæmi (L1 eða L2 málhafi) sé meðhöfundur. Almenn er viðurkennt að sá sem er höfundur/meðhöfundur þurfi að eiga veigamikinn þátt í undirbúningi og túlkun rannsókna, ritun greinar, samþykki lokaútgáfu og beri ábyrgð á niðurstöðum og vinnubrögðum. Vísað er m.a. í reglur Stofnunar Árna Magnússonar í þessu tilliti, sjá <https://ordogtunga.arnastofnun.is/index.php/ord-og-tunga/sidareglur> og einnig minnt á síðareglur Sign Language Linguistics Society, sjá <https://slls.eu/slls-ethics-statement/>. Nokkur umræða var um málið og því fagnað að það sé rætt á þessum vettvangi. Fundarmenn almennt sammála um að fylgja þeim viðmiðum sem nefnd eru hér að ofan.
4. **Heimasíðan:** Á heimasíðu rannsóknastofunnar er að finna ýmsar upplýsingar sem eru uppfærðar reglulega, minnt á það. Rannveig segir frá tillögu stjórnar um að bæta á heimasíðuna yfirliti yfir allar lokaritgerðir sem skrifaðar hafa verið í táknafræði og táknafræðistúlkun og/eða um efni því tengt. Hugmyndin að fá nemanda í verkefnið

næsta vetur. Kría spyr í þessu sambandi hvort siðareglur SLLS, sem þýddar hafa verið á ÍTM, sé að finna á heimasíðunni. Svo er ekki og mun stjórnin sjá um að bæta þeim inn.

5. **Stjórnarkjör:** Samkvæmt reglum stofunnar skal Rannsóknastofa í táknafræðum hafa þriggja manna stjórn sem kjörin er til eins ár í senn á aðalfundi. Júlía G. Hreinsdóttir, Nedelina Ivanova og Rannveig Sverrisdóttir mynda núverandi stjórn og er tilbúnað að sitja áfram. Engin önnur framboð bárust og það samþykkt einróma að stjórn ársins 2021-2022 verði skipuð Júlíu G. Hreinsdóttur SHH, Rannveigu Sverrisdóttur HÍ og Nedelinu Ivanova SHH.

6. **Önnur mál:**

- a. Kría nefnir að á fundi sínum með ráðuneytisstjóra Mennta- og menningarmálaráðuneytisins hafi hún rætt að meiri fjármagni þyrfti að veita til rannsókna á ÍTM. Engin svör fengust en mikilvægt er að halda málinu vakandi. Rannveig nefnir í því samhengi málstefnuna sem vonandi verður samþykkt næsta haust (hún er á þingmálaskrá haustþings), þar er að finna nokkrar aðgerðir sem kalla á fjármagn til táknafræðisrannsókna.
- b. Júlía segir frá námskeiði sem kennarar á SHH sitja þessar vikurnar, námskeiðið er fjarkennt frá Hollandi og eru kennarar þess sérhæfðir í kennslu táknafræðis og notkun CEFR í því sambandi. Júlía segir frá vinnu döff kennaranna, Joni Oyzerman og Mathilde de Gaeus, við að kenna foreldrum og leiðum til að fá fleiri foreldra í táknafræðisnámi, hefur gengið vel, sjá <https://www.edusign.com/>. FH er um þessar mundir að kanna möguleikana á því að fá þær hingað til lands með fyrirlestur um mikilvægi táknafræðis í máluppeldi barna með skerta heyrn í skóla án aðgreiningar, t.d. á degi döff í haust. Einnig hefur verið rætt að fá James Tucker sem er fyrrverandi skólastjóri döff skóla í Maryland, Bandaríkjunum og er sjálfur döff, til að vera með erindi um máluppeldi tvítyngdra barna út frá sjónarhorni skólastjóra.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl. 10:50

Fundargerð ritaði Rannveig Sverrisdóttir.

Fundargerð stjórnar Rannsóknastofu í táknmálsfræðum 17. maí 2021

Fundur var haldin í stjórn Rannsóknastofu í táknmálsfræðum mánudaginn 17. maí 2021 að öllum stjórnarmeðlimum viðstöddum. Eftirfarandi var rætt:

- **Ársfundur:** Ákveðið að halda hann sem fjarfund um miðjan júní. RS gerir drög að skýrslu og kannar með túlka, nákvæm tímasetning ákveðin þegar nær dregur. Farið yfir tillögu að dagskrá ársfundar sem og verkaskiptingu. JGH verður fundarstjóri, RS og NI kynna þau mál sem verða á dagskrá. Allar bjóða sig áfram fram til stjórnarsetu.
- **Málstefna:** RS segir frá stöðu málstefnu ÍTM sem vonandi verður samþykkt á Alþingi í haust. Þegar svo verður þarf stjórnin að fara yfir stefnuna og aðgerðaáætlun og skoða það sem snýr að rannsóknastofunni og hennar starfi.
- **Heimasíðan:** Söfnum saman upplýsingum til að uppfæra það sem þarf þar, helst fyrir ársfund. RS kemur með tillögu að því að á síðuna verði sett inn gagnasafn um allar lokaritgerðir í táknmálsfræði og táknmálstúlkun og einnig ritgerðir í öðrum greinum sem fjalla um táknmál á einn eða annan hátt. Ákveðið að reyna að ráða nemandan í verkið næsta vetur og hafa tilbúið í upphafi árs 2022.